



Lúxemborg, 14. desember 2011

FRÉTTATILKYNNING 13/2011

Dómur í máli E-3/11 *Pálmi Sigmarsson gegn Seðlabanka Íslands*

ÍSLENSKAR REGLUR UM TAKMÖRKUN FJÁRMAGNSFLUTNINGA ERU Í SAMRÆMI VIÐ EES-SAMNINGINN.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Héraðsdómi Reykjavíkur um túlkun 43. gr. EES-samningsins, þar sem heimild er veitt til að víkja frá reglum um frjálst flæði fjármagns.

Í kjölfar erfiðleika íslenska fjármálakerfisins síðla árs 2008, innleiddu íslensk stjórnvöld reglur um gjaldeyrishöft, þar sem meðal annars var kveðið á um tímabundið bann við innflutningi íslenskra króna. Stefnandi, sem er íslenskur ríkisborgari búsettur í Bretlandi, sótti um undanþágu til Seðlabanka Íslands frá þessu banni, í því skyni að flytja inn til landsins 16,4 milljónir íslenskra króna sem hann hafði keypt á aflandsmarkaði. Seðlabankinn hafnaði umsókninni og efnahags- og viðskiptaráðuneytið staðfesti þá niðurstöðu með úrskurði.

Stefnandi bar ákvörðun Seðlabankans undir Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem hann heldur því fram að ákvörðunin sé bæði brot á íslenskum lögum og ósamrýmanleg reglum EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði lögsögu til að endurskoða ráðstafanir sem gerðar væru samkvæmt 43. gr. EES-samningsins og leggja á það mat hvort þær uppfylltu þær kröfur sem í henni eru gerðar.

Dómstóllinn taldi jafnframt að þau efnislegu skilyrði sem kveðið væri á um í 2. og 4. mgr. 43. gr. EES-samningsins útheimtu flókið mat á ýmsum þjóðhagfræðilegum þáttum. EFTA-ríki nytu því aukins svigrúms til að meta hvort skilyrðin teldust uppfyllt og ákveða til hvaða úrræða skyldi gripið, þar sem slík ákvörðun snerist í mörgum tilvikum um grundvallaratriði við mörkun efnahagsstefnu

Dómstóllinn benti á að alvarlegar aðstæður hefðu skapast á Íslandi eftir hrun fjármálakerfisins síðla árs 2008. Við þessar aðstæður væru uppfyllt efnisleg skilyrði fyrir því að grípa til verndarráðstafana samkvæmt 2. og 4. mgr. 43. gr. EES-samningsins, jafnt á þeim tímapunkti þegar reglurnar voru settar (í október 2009) sem og þegar stefnanda var endanlega synjað um undanþágu frá gildandi banni við innflutningi aflandskróna (í október 2010).

Dómstóllinn vísaði enn fremur til þess að engin gögn hefðu verið lögð fyrir dómstólinn sem bentu til þess að úrræðin sem gripið var til hafi brotið í bága við meðalhófsregluna. Þvert á móti, virtist stöðugleiki íslensku krónunnar og gjaldeyrisforðans ekki hafa náðst fyrr en sett voru gjaldeyrishöft sem bönnuðu innflutning aflandskróna. Þá brytu reglurnar sem ágreiningur málsins lyti að ekki heldur í bága við meginregluna um réttarvissu þar sem umsækjendur hefðu haft nægar upplýsingar um undanþágur frá þeim.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.